



**Sögin ehf**

íslensk framleiðsla

**Utanhúsklæðningar og pallaefni  
Viðartegundir og prófílgerðir**

## Nokkur atriði til að hafa í huga við val á viðarklæðningum og pallaefni.

- Við val á viðartegund er gott að hafa til viðmiðunar líftíma viðartegunda samkvæmt ÍST EN 350-2:1994 staðlinum. Líftíminn gefur til kynna endingu efnisins án kemískrar meðhöndlunar, sjá töflu hér neðar á blaðsíðunni.
- Viðartegundir í endingarflokkum 1 til 3 þarf ekki að fúaverja þegar viðurinn er notaðar utandyra vegna náttúrulegra eiginleika. Viðartegundir í öðrum endingarflokkum sem og risju þarf að fúaverja til að tryggja góðan líftíma viðarins.
- Sól og vatn hefur mikil áhrif á timbur og með tímanum verður allur viður sem er látinn veðrast án yfirborðsmeðhöndlunar mismunandi grár á litinn. Til að viðhalda lit á viðarklæðningum þarf að bera á þær reglulega með þar til gerðum olíum.
- Mjög auðvelt er að lita Furu, Southern Yellow Pine, Oregon Pine, og Yellow poplar. Sumar harðviðartegundir er erfitt að mála þar sem þær eru mjög þéttar og halda lit frekar illa.
- Skilgreina þarf hvort klæðningin eigi að vera standandi eða liggjandi og hvort klæðningin eigi að vera með hefлаðri áferð eða bandsagaðri. Bora þarf fyrir skrúfum í mörgum af harðviðarklæðningunum eða nota sérstakar harðviðarskrúfur eða festingar.
- Ákveða hvort klæðningin eigi að vera loftandi eða lokuð.



### Fjöldi lm í m<sup>2</sup>:

Klæðningagerð 1 = 6,95 lm /m<sup>2</sup>

Klæðningagerð 2,3,4 = 8 lm/m<sup>2</sup>

Klæðningagerð 5 = 6.9 lm/m<sup>2</sup>

Klæðningagerð 6 = 6.67 lm /m<sup>2</sup>

### Endingarflokkur 1

Kjarnviður hefur líftíma lengri en 50 ár ef ekki í jörðu

### Endingarflokkur 2

Kjarnviður hefur líftíma 40 – 50 ár ef ekki í jörðu

### Endingarflokkur 3

Kjarnviður hefur líftíma 25 – 40 ár ef ekki í jörðu

### Endingarflokkur 4

Kjarnviður hefur líftíma 12 – 25 ár ef ekki í jörðu

### Endingarflokkur 5

Kjarnviður hefur líftíma 6 – 12 ár ef ekki í jörðu

Risja í öllu timbri er í endingarflokki 4


# Utanhúsklæðningar og pallaefni




Getum boðið þessar klæðningar  
18 og 16 mm þykkar, í mismunandi  
breiddum, sléttar eða með  
bandsagaráferð í fjölda  
viðartegunda og gæðaflokka t.d.:

- Fura
- Lerki
- Oregon Pine
- Eik
- Maghony
- Western Red Cedar
- Garapa
- Moabi
- Merbau
- Afzelia/Doussie
- Afrormosia
- Tatajuba
- Padouek
- Tekk


Klæðning 1




Klæðning 2




Klæðning 3



Klæðning 4



Klæðning 5



Klæðning 6





## **Fura – 5 flokkur**

Myndrænn viður með líflegt útlit, ljós viður.

Endingarflokkur 4, kjarnviður hefur líftíma 12 – 25 ár ef ekki í jörðu.

Stöðugur viður

Eðlisþyngd: 450 kg/m<sup>3</sup> við 15% MC

***Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu***



## **Lerki (Síbería) – U/S flokkur (sérvalið efni, nánast kvista laust)**

Mjög myndrænn viður með flottar æðar. Liturinn er frá rauðbrúnum tónum í kjarnviðnum og yfir í gulleitan lit í risjuviðnum. Endingarflokkur 3 til 4 - kjarnviður hefur líftíma 12 – 40 ár ef ekki í jörðu.

Hóflega stöðugur viður

Eðlisþyngd: 600 kg/m<sup>3</sup> við 15% MC

***Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu***



## **Southern Yellow Pine**

Fura með flottum myndrænum viðaræðum. Liturinn er eiginlega hvít gulur, mjög ljós.

Endingarflokkur 4, kjarnviður hefur líftíma 12 – 25 ár ef ekki í jörðu.

Hóflega stöðugur viður

Eðlisþyngd: 550 kg/m<sup>3</sup>

***Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu***



## **Oregon Pine /Douglas fura**

Stöðugur og endingargóður viður, ein af sterkari furutegundunum. Hefur verið notaður á Íslandi í glugga og hurðir í áratugi með góðum árangri.

Endingarflokkur 3 – kjarnviður hefur líftíma 25 – 40 ár ef ekki í jörðu

Kjarnviður er laxableikur til rauðbrúnn en verður rauðleitur með tímanum. Risjan er kremhvít til gul.

Stöðugur viður

Eðlisþyngd: 550 kg/m<sup>3</sup> við 15% MC

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*



## **Western Red Cedar/Sedrusviður**

Einstaklega léttur, sterkur og endingargóður viður sem þolir veðrun mjög vel

Endingarflokkur 2 – kjarnviður hefur líftíma 40 – 50 ár ef ekki í jörðu

Fallegir brúnir litatónar úr ljósbrúnu/bleiku til dökk brúnt.

Stöðugur viður

Eðlisþyngd: 370 kg/m<sup>3</sup> við 15% MC

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*



## **Yellow poplar**

Harðviður með gulum og út í grænan tón. Var áður fyrr notað í klæðningar á húsum í austurhluta Bandaríkjana. Þegar efnið hefur verið þurrkað þá er það mjög stöðugt. Endingarflokkur 4, kjarnviður hefur líftíma 12 – 25 ár ef ekki í jörðu líkt og fura.

Auðvelt að lita og fúaverja efnið og ná útliti kirsubers eða hnotu.

Eðlisþyngd: 450 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*



### **Afroscia (afríku tekk)**

Fallega gullinn brúnn harðviður líkur tekki, þolir sýru og ýmis efnasambönd mjög vel.  
Endingarflokkur 1-2, kjarnviður hefur líftíma 40 – 50 ár ef ekki í jörðu  
Stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 700 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*



### **Maghony - Sipo**

Rauðbrúnn harðviður sem mikið hefur verið notaður sem glugga og hurðæfni á Íslandi og víðar.  
Endingarflokkur 2-3, kjarnviður hefur líftíma 25 – 50 ár ef ekki í jörðu  
Stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 650 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*



### **Merbau**

Ljósbrúnn til rauðbrúnn viður frá Asíu, all nokkur litabreytileiki. Mjög veðrunarþolinn viður en viðnum getur blætt í upphafi þegar rigningin fer að berja á honum. Viðarkvoðan skolast af viðnum með veðrun eða þvotti.  
Endingarflokkur 1-2, kjarnviður hefur líftíma 40 – 50 ár ef ekki í jörðu  
Mjög stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 800 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*





## **Afzelia – Doussie**

Ljós brúnn viður til rauðbrúnn sem mikið hefur verið notaður sem glugga og hurðæfni á Íslandi og víðar. Viðnum getur blætt í upphafi þegar rigningin fer að berja á honum. Viðarkvoðan skolast af viðnum með veðrun eða þvotti. Endingarflokkur 1 – Kjarnviður hefur líftíma lengri en 50 ár ef ekki í jörðu. Mjög stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 800 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*



## **Tatajuba**

Gullin brúnn til brúnn harðviður. Hentar einkar vel sem pallaefni. Endingarflokkur 1-2, kjarnviður hefur líftíma 45 – 50 ár ef ekki í jörðu. Stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 800 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*



## **Padoek**

Mjög rauður viður en liturinn á viðnum breytist smá saman í mildan brúna lit við að fá á sig sólarljós.. Endingarflokkur 1, kjarnviður hefur líftíma lengri en 50 ár ef ekki í jörðu. Mjög stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 750 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*

**Eik**

Gulleitur til ljós viður. Varast að eikin komist í snertingu við járn en þá verður hún svört.  
Endingarflokkur 2 – Endingarflokkur 2 – Kjarnviður hefur líftíma 40 – 50 ár ef ekki í jörðu  
Nokkuð stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 700 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*

**Moabi**

Afrískur viður sem er bleikbrúnn til rauðbrúnn að lit.  
Endingarflokkur 1 – Kjarnviður hefur líftíma lengri en 50 ár ef ekki í jörðu  
Stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 850 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*

**Teak**

Einstaklega stöðugur viður, ljós brúnn til rauðbrúnn. Efnið var mikið notaður sem glugga og hurðaeefni á Íslandi hér áður fyrr.  
Endingarflokkur 1, kjarnviður hefur líftíma lengri en 50 ár ef ekki í jörðu.  
Mjög stöðugur viður  
Eðlisþyngd: 650 kg/m<sup>3</sup>

*Ath. myndin er aðeins til viðmiðunar og gefur ekki endanlega mynd af efninu*